

# Fjárfestingar kvenna í íslensku atvinnulífi: Áhrifapættir, hindranir og hvatar

Ásta Dís Óladóttir<sup>1</sup>, Þóra H. Christiansen, Haukur Freyr Gylfason,  
Gylfi Magnússon, Haukur C. Benediktsson og Freyja Vilborg  
Þórarinsdóttir

## Ágrip

Markmið þessarar greinar er að varpa ljósi á þá þætti sem hafa áhrif á fjárfestingahegðun kvenna í íslensku atvinnulífi, einkum hindranir en einnig hvetjandi áhrifapætti. Greinin byggir á könnun meðal 316 kvenna í Félagi kvenna í atvinnulífinu (FKA), sem flestar gegna stjórnunar- og/eða leiðtogastöðum, reka eigin fyrirtæki eða búa yfir mikilli reynslu úr atvinnulífinu. Þetta þýði hefur alla burði til að veita einstaka innsýn í hindranir sem jafnvel konur með menntun, tekjur og aðgang að upplýsingum mæta. Slíkt getur varpað ljósi á dýpri og kerfisbundnari áhrifapætti fjárfestingahegðunar. Að því er höfundum best er kunnugt, er þetta fyrsta rannsókn sinnar tegundar á Íslandi sem beinist að fjárfestingahegðun kvenna með áhrif innan atvinnulífsins. Rannsóknarspurningarnar eru: *Hvaða þættir hafa áhrif á fjárfestingaákvörðanir kvenna í íslensku atvinnulífi og hvaða hindranir standa í vegi fyrir þátttöku þeirra á fjármálamörkuðum?* Niðurstöðurnar sýna að helstu hindranir sem konurnar nefna eru skortur á fjármagni, fjárhagsleg þekking og ótti við áhættu. Einnig kemur fram að félagslegir og sálfræðilegir þættir, s.s. skortur á fyrirmyndum og minni öryggisfinning gagnvart fjárfestingum, spila hlutverk. Yngri konur í atvinnulífinu og konur með lægri tekjur eða minni menntun eru sérstaklega líklegar til að upplifa slíkar hindranir. Aftur á móti reyndust þær sem höfðu fengið fjármálafræðslu í æsku marktækt öruggari með fjárfestingaákvörðanir. Fræðilegt framlag greinarinnar felst í að sameina þverfaglegan ramma kenninga um fjármálalæsi, áhættumat og félagsmótun, og tengja við gögn úr íslenskum veruleika. Hagnýtt framlag felst í tillögum að stefnumótandi aðgerðum til að draga úr kynjamun í fjárfestingum og efla efnahagslegt sjálfstæði kvenna.

## Abstract

The objective of this article is to explore the factors that influence investment behavior of women in the Icelandic business sector, with a particular focus on barriers and motivating factors. The analysis is based on a survey conducted among 316 women from

<sup>1</sup> Ásta Dís Óladóttir prófessor, astadis@hi.is, Þóra H. Christiansen aðjúnkt, Haukur Freyr Gylfason lektor, Gylfi Magnússon prófessor, Haukur C. Benediktsson lektor og Freyja Vilborg Þórarinsdóttir doktorsnemi við Viðskiptafræðideild og Rannsóknasetur um jafnrétti í efnahags- og atvinnulífi við Háskóla Íslands.

the Association of Women Business Leaders in Iceland (FKA), most of whom hold executive or leadership positions, own their own businesses, or possess substantial professional experience. Surveying this group of women has the potential to give insights into barriers facing even educated women with access to information and resources to invest. To the best of the authors' knowledge, this is the first study of its kind in Iceland to specifically examine the investment behavior of women with influence in the business sector. The research questions are: *What factors influence the investment decisions of businesswomen in Iceland? And, what barriers hinder their participation in financial markets?* The findings reveal that the most reported barriers are lack of capital, limited financial knowledge, and risk aversion. Social and psychological factors—such as the absence of role models and a lower sense of confidence regarding investment decisions—also play a role. Younger businesswomen, and those with lower income or educational levels, are particularly likely to experience these obstacles. By contrast, women who received financial education in youth report significantly greater confidence when making investment decisions. The theoretical contribution lies in integrating an interdisciplinary framework, drawing on theories of financial literacy, risk perception, and socialization and applying it to original data from the Icelandic context. The practical contribution consists of policy-oriented recommendations to reduce the gender investment gap and enhance women's economic independence.

*JEL flokkun: D14; G5; J16.*

*Lykilorð: Efnahagslegt sjálfstæði; fjárfestingahegðun kvenna; fjármálalæsi; hindranir í fjárfestingum; hvatar til fjárfestinga.*

*Keywords: Economic empowerment; financial literacy; investment barriers; investment incentives; women's investment behavior.*

## **Understanding Women's Investments in the Icelandic Economy: Influencing Factors, Barriers, and Motivators**

### **1 Inngangur**

Jafnrétti kynjanna í efnahagslegri þátttöku hefur verið viðvarandi áskorun, þrátt fyrir framfarir í átt að jafnari stöðu kvenna á vinnumarkaði og í menntakerfinu (Nordic Labour Journal, 2025; Óladóttir o.fl., 2024; Christiansen og Óladóttir, 2022). Skilgreining Alþjóðaefnahagsráðsins á efnahagslegri þátttöku felur í sér jafnrétti kynjanna í aðgengi að atvinnu, launum, stjórnunarstöðum og fjárfestingatækifærum. Ef hindranir eru til staðar í efnahagslegri þátttöku kvenna getur það takmarkað möguleika þeirra til að byggja upp eignir, hasla sér völl á fjármálamarkaði og öðlast fjárhagslegt sjálfstæði (WEF, 2024). Ekkert land í heiminum veitir konum sömu tækifæri og körlum í atvinnulífinu, samkvæmt nýrri skýrslu Alþjóðabankans. Kynjabilið er þar að auki mun meira en áður var talið. Úrtakið nær til 190 landa og telur Alþjóðabankinn mikilvægt að ráðast í aðgerðir til að brúa bilið, því slíkt gæti aukið verga landsframleiðslu á heimsvísu um allt að 20% (World Bank, 2024).

Þrátt fyrir aukna umræðu um efnahagslegt jafnrétti er staðreyndin sú að konur fjárfesta síður en karlar og taka sjaldnar virkan þátt í hlutabréfaviðskiptum og öðrum fjárfestingum á fjármálamörkuðum. Þessi kynbundni munur á fjárfestingahegðun getur haft áhrif á efnahagslegt öryggi kvenna til lengri tíma lítið, og má leiða að því líkum að eignamyndun og frjáls sparnaður utan formlegra lífeyriskerfa, sem stundum er nefnd fjórða stoð lífeyriskerfisins, verði minni hjá þeim en körlum (World Bank, 2005, 2025).

Markmið þessarar rannsóknar er að greina hvaða þættir hafa áhrif á fjárfestingahegðun kvenna í íslensku atvinnulífi, bæði hindranir og hvetjandi áhrifaþætti. Rannsóknin leitast við

að varpa ljósi á margvísleg atriði sem tengjast fjárfestingahegðun og fjárfestingaákvörðunum kvenna, svo sem aðgengi að fjárfestingatækifærum, traust til fjármálastofnana, fjármálalæsi og fjárfestingaþekkingu, áhættumat, viðhorf til óvissu og hlutverk fyrirmynnda og stuðningskerfa.

Rannsóknarspurningarnar sem greinin leitast við að svara eru: „*Hvaða þættir hafa áhrif á fjárfestingaákvörðanir kvenna í íslensku atvinnulífi*“ og „*hvaða hindranir standa í vegi fyrir þátttöku þeirra á fjármálamörkuðum?*“ Til að svara þessum spurningum er sett fram fræðileg umfjöllun um kynjamun í fjárfestingahegðun og niðurstöður kynntar úr rannsókn sem byggir á könnun meðal 316 kvenna í Félagi kvenna í atvinnulífinu (FKA), um fjárfestingar og fjárfestingahegðun. Greiningin mun varpa ljósi á hvernig félagslegir, efnahagslegir og sálfræðilegir þættir móta fjárfestingavenjur íslenskra kvenna í atvinnulífinu og hvaða úrbætur gætu stuðlað að aukinni þátttöku kvenna á fjármálamörkuðum.

Greinin er byggð upp á eftirfarandi hátt. Fyrst er fræðileg umfjöllun um fjárfestingar kvenna og kynbundinn mun á fjárfestingahegðun. Næst er rannsóknaraðferðin útskýrð og greining gerð á gögnum. Að lokum eru niðurstöður ræddar og settar í samhengi við fræðilega umfjöllun. Í lok greinarinnar eru lagðar fram tillögur að stefnumótandi aðgerðum sem miða að því að draga úr kynjamun í fjárfestingum og efla efnahagslegt sjálfstæði kvenna. Með því að varpa ljósi á hindranir og mögulegar lausnir getur þessi rannsókn lagt mikilvægt fræðilegt og hagnýtt framlag til umræðu um jafnrétti í fjárfestingum og efnahagslegri þátttöku kvenna á Íslandi.

## 2 Fræðilegur grunnur

Beint eignarhald einstaklinga í skráðum félögum jókst verulega á Íslandi í tengslum við almenn útboð í einkavæðingarferli um aldamótin, meðal annars með svokallaðri kennitölusöfnun, þar sem fjármögnun kom frá öðrum en þeim sem skráðu sig. Eignarhlutur einstaklinga dróst hins vegar verulega saman í aðdraganda bankahrunsins 2008 og hvarf að mestu í kjölfarið, og hefur fjöldi hluthafa verið mun lægri síðan (Ásta Dís Óladóttir o.fl., 2017). Eitt virðist þó breytast hægt hér á landi og það er að konur fjárfesta almennt minna en karlar (Arion banki, 2025; Tölvupóstur, Magnús Harðarson, forstjóri Nasdaq Iceland, 11. apríl 2025; Snædís Ögn Flosadóttir, 15. apríl 2025). Þetta fyrirbæri, oft kallað kynbundið fjárfestingabil, hefur verið viðvarandi þrátt fyrir framfarir í menntun og atvinnuþátttöku kvenna (Jha og Shayo, 2025). Rannsóknir sýna að kynjabilið í fjárhagslegu sjálfstrausti, þekkingu og þátttöku á fjármálamörkuðum hefur reynst þrálátt og erfitt að brúa (Jha og Shayo, 2025; Marinelli o.fl., 2017; Niessen-Ruenzi og Zimmerer, 2024).

Til að greina fjárfestingahegðun kvenna í íslensku atvinnulífi er gagnlegt að byggja á samþættri fræðilegri umgjörð sem felur í sér fjögur meginþemu: fjármálalæsi, áhættumat, félagsmótun og traust til fjármálastofnana. Þessir þættir eru nátengdir og móta með samverkandi hætti fjárfestingavenjur einstaklinga, ekki síst kvenna. Fjármálalæsi hefur viðtæk áhrif á fjárfestingahæfni og þátttöku. Það hefur verið skilgreint sem hæfni einstaklinga til að skilja, meta og taka upplýstar ákvarðanir um eigin fjármál (OECD, 2016). Rannsóknir sýna að skortur á fjármálalæsi er algengari meðal kvenna en karla og tengist minni þátttöku á fjármálamörkuðum (Bucher-Koenen o.fl., 2016). Áhættuviðhorf tengjast einnig kynjamun í fjárfestingum. Konur eru almennt varfærnari og sækjast síður í áhættusamar fjárfestingar, sem getur haft áhrif á ávöxtun og aðgengi að markaðstækifærum (Barber og Odean, 2001; Croson og Gneezy, 2009). Þetta viðhorf er þó ekki alfarið meðfætt, heldur mótað af félagslegum væntingum. Félagsmótun gegnir þar lykilhlutverki. Konur og karlar alast oft upp við ólík viðmið og væntingar í tengslum við fjármál, sem hefur áhrif á sjálfstraust, áhættumat og fjárfestingavenjur. Félagslegar væntingar og skortur á fyrirmyndum í umhverfinu eru taldar hamla virkri þátttöku kvenna (Eagly og Wood, 1991). Traust til fjármálastofnana hefur einnig áhrif á fjárfestingar. Skortur á trausti getur dregið úr vilja til að ráðstafa sparnaði í fjárfestingar og leita faglegrar ráðgjafar. Rann-

sóknir sýna að konur treysta síður fjármálafyrirtækjum en karlar, sem getur skýrt hluta af minni þátttöku þeirra á hlutabréfamarkaði (Guiso o.fl., 2008).

## 2.1 Þátttaka kynjanna á fjármálamörkuðum og þróun eignarhalds

Munur á fjárfestingahegðun kynjanna birtist í þátttöku á hlutabréfamarkaði, bæði hvað varðar stærð og tíðni fjárfestinga (Jha og Shayo, 2025; Niessen-Ruenzi og Zimmerer, 2024; Torma o.fl., 2023; Bucher-Koenen o.fl., 2021). Rannsókn Niessen-Ruenzi og Zimmerer (2024) sýndi að aðeins 17,6% kvenna fjárfesta í skráðum verðbréfum, samanborið við 32,3% karla. Konur kjósa fremur að fjárfesta í verðbréfasjóðum, einkum vísitölusjóðum, fremur en í einstökum hlutabréfum. Þetta skýrist að hluta til af minni áhættusækni og minna trausti til eigin fjármálakunnáttu.

Óbein fjárfesting, t.d. í gegnum sjóði og lífeyriskerfi, býður upp á sambærilega vænta ávöxtun og meiri áhættudreifingu en bein fjárfesting, en veitir ekki aðgang að atkvæðisrétti á hluthafafundum (Gylfi Magnússon, 2002; Malkiel, 2019; Seðlabanki Íslands, 2024a). Slíkar fjárfestingar eru að miklu leyti ósýnilegar í opinberum gögnum, þar sem þær birtast hvorki á skattframtölum né í yfirlitum um raunverulega hluthafa (Anna Sif Gunnarsdóttir og Rósmundur Guðnason, 2024). Lífeyrissjóðir eru stórir eignaeigendur sem áttu við lok árs 2023 skráð verðbréf fyrir samtals 3.516 ma.kr. og erlendar verðbréfaeignir að virði 2.686 ma.kr. (Seðlabanki Íslands, 2025), á meðan skráð verðbréfaeign heimila nam 756 ma.kr. að nafnvirði (Hagstofa Íslands, 2025a).

Þótt opinber gögn skorti um kynjahlutföll fjárfesta fengu höfundar tölur frá Nasdaq verðbréfamiðstöð sem sýna að frá 2018 til 2023 voru 70% færslna þar sem hlutabréf voru skráð á einstakling vegna karla og 30% vegna kvenna. Hlutföllin breyttust lítið við skoðun á markaðsvirði: 72,1% í eigu karla og 27,9% í eigu kvenna í árslok 2024 (Tölvupóstur, Magnús Harðarson, 11. apríl 2025). Sambærileg gögn frá 2005 sýndu svipaða verðmætaskiptingu (Kauphöll Íslands, 2006), þrátt fyrir svipaðan fjölda skráðra karla og kvenna sem hluthafa. Þróunin eftir efnahagshrunið virðist hafa leitt til endurtekningar á þeirri kynjaskiptingu sem áður ríkti.

Konur fjárfesta fremur til að tryggja fjárhagslegt öryggi fjölskyldu, verja eignir gegn verðbólgu og spara til framtíðar. Þær leggja áherslu á stöðugleika og einfaldar lausnir, eru líklegri til að sækja sér ráðgjöf og kjósa áhættuminni sparnaðarleiðir í lífeyrissparnaði, en eru þar með líklegri til að missa af þeirri viðbótarávöxtun sem fæst með því að taka á sig meiri fjárhagslega áhættu (N26, 2022; Fidelity, 2024; Larsen o.fl., 2022). Þrátt fyrir vaxandi áhuga kvenna á fjárfestingum nefna margar hindranir á borð við fjárhagslegt óöryggi og skort á fjármálakunnáttu (Marinelli o.fl., 2017). Yngri konur nefna sérstaklega skort á þekkingu sem ástæðu fyrir lítilli þátttöku (BlackRock og YouGov, 2024; Fidelity, 2024). Jákvæð þróun hefur þó átt sér stað á alþjóðavísu og á Norðurlöndum. Eignarhald kvenna á kauphallarsjóðum jókst um 49% frá 2022, samanborið við 5% hjá körlum (BlackRock og YouGov, 2024).

Á Íslandi hefur þátttaka karla og kvenna í viðbótarlífeyrissparnaði verið mjög svipuð allt frá 1999 og konur hafa verið með ívið hærri hlutfall frá 2005 (Ásgeir Daníelsson o.fl., 2023). Það bendir til þess að minni bein fjárfesting kvenna megi frekar rekja til takmarkaðrar aðkomu að fjárfestingum sem krefjast ákvarðanatöku og áhættumats, fremur en minni sparnaðarvilja. Sparnaður í gegnum lífeyriskerfið getur dregið úr þörf og áhuga á öðrum fjárfestingum, þó engin merki séu um slíkt í kjölfar hækkunar iðgjalda 2016–2018 (Hougaard Jensen o.fl., 2023).

## 2.2 Fjármálalæsi og félagsmótun

Fjármálalæsi hefur verið skilgreint sem hæfni einstaklinga til að skilja, meta og taka upplýstar ákvarðanir um eigin fjármál (OECD, 2016). Það er lykilforsenda virkrar þátttöku á fjármálamörkuðum og hefur bein áhrif á fjárhagslegt sjálfstraust og fjárfestingahæfni (Bucher-Koenen o.fl., 2016; Strough o.fl., 2019). Rannsóknir sýna að konur búa að jafnaði yfir minni fjármálalæsi en karlar, og meta eigin þekkingu og getu lægra, jafnvel þótt raunfærni sé sambærileg (Gudjonsson o.fl., 2022; Merkoulouva og Veld, 2022; Mahdavi og Horton, 2014). Þetta getur dregið úr þátttöku þeirra í fjárfestingum og stuðlað að varfærni í ákvarðanatöku.

Kynjamunur í fjármálalæsi hefur einnig komið fram í íslenskum rannsóknum. Samkvæmt könnun sem kynnt var á ráðstefnu Samtaka fjármálafyrirtækja árið 2024, skora stúlkur að jafnaði lægra en strákar á mælikvörðum fjármálavitundar og sjálfstrausts (SFF, 2024). Þá töldu þátttakendur fræðslu sem þeir fengu í æsku eða skóla oft of almenna eða ekki nægilega hagnýta (Fjármálavit, 2022). Þrátt fyrir að fjármálalæsi sé skilgreint sem námsviðmið í aðalnámsskrá grunn- og framhaldsskóla, skortir víða markvissa kennslu í efninu og mikil breytileiki er í hvernig því er sinnt.

Félagsmótun hefur einnig áhrif á fjármálalega hegðun. Karlar og konur alast gjarnan upp við ólík viðmið og væntingar í tengslum við fjármál, sem hefur áhrif á áhættumat og sjálfstraust. Konur fá síður skilaboð um sjálfstæða ákvarðanatöku í fjármálum og eru sjaldnar hvattar til að sækjast eftir fjárhagslegu sjálfstæði eða áhættusömum verkefnum (Eagly og Wood, 1991). Þessi félagslegu viðmið viðhalda kynjamun í þátttöku og hafa áhrif á það hvort og hvernig einstaklingar nýta sér fjárfestingatækifæri.

## 2.3 Áhætta og ákvarðanataka

Ein algengasta skýringin á kynjamun í fjárfestingum er sú að konur eru almennt varfærnari og áhættufælnari en karlar (Croson og Gneezy, 2009; Eckel og Grossman, 2002; Powell og Ansic, 1997). Rannsóknir sýna að karlar taka oftár fjárhagslega áhættu og velja áhættusamari fjárfestingar en konur (Byrnes o.fl., 1999; Bernasek og Shwiff, 2001). Þá eru þeir samkvæmt rannsókn Barber og Odean (2001) líklegri til að ofmeta eigin getu á fjármálamarkaði, sem getur leitt til tíðari viðskipta og þar með til lægri ávöxtunar til lengri tíma lítið. Konur sýna hins vegar varkárari fjárfestingahegðun og minni viðskiptatíðni, sem getur haft jákvæð áhrif á langtímaárangur þeirra. Þá kom einnig fram í rannsókn Barber og Odean (2001) að karlar framkvæma að meðaltali 45% fleiri viðskipti en konur og fá að jafnaði lægri ávöxtun vegna viðskiptakostnaðar og „ofvirkar hegðunar“. Þessi munur endurspeglar ekki endilega betri dómgreind kvenna að mati Barber og Odean (2001) heldur frekar hófsamara mat á eigin getu og minni tilhneigingu til ofmats. Nokkrar rannsóknir hafa sýnt að þótt konur fjárfesti síður en karlar þá hafa þær tilhneigingu til að ná ívið betri árangri, sé miðað við ávöxtun (Fidelity, 2023; Oskarsson, 2024). Loks kemur fram í rannsókn Marinelli o.fl. (2017) að konur búi yfir minna sjálfstrausti þegar kemur að fjárfestingum, séu síður sjálfstæðar í fjárfestingaákvörðunum en karlar og leiti sér frekar ráðgjafar.

Munurinn á áhættusækni kynjanna hefur verið skýrður bæði með meðfæddum og félagsmótuðum þáttum. Þeir sem aðhyllast þróunarsálfræði benda á að líffræðilegir þættir svo sem testósterónmagn geti að hluta til útskýrt meiri áhættusækni karla (Sapienza o.fl., 2009). Aftur á móti leggja félagsfræðilegar kenningar áherslu á þátt kynjahlutverka og samfélagslegra væntinga. Strákar eru gjarnan hvattir til að sýna áræðni og keppnissskap frá unga aldri, en stelpur fá frekar skilaboð um varkárni og umhyggju (Eagly og Wood, 1991). Þessi kynjuðu viðmið móta viðhorf til fjárhagslegra ákvarðana og áhættutöku síðar á lífsleiðinni.

Þau viðhorf kunna líka að skýra að einhverju marki þann mun sem sést á vali kvenna annars vegar og karla hins vegar á starfsvettvangi. Þannig eru karlar enn í nokkrum meirihluta starfandi á íslenskum vinnumarkaði, 54% á árinu 2024 skv. tölum Hagstofunnar (2025b), sem endurspeglar meiri atvinnuþátttöku karla en kvenna. Konur voru hins vegar miklu líklegri en karlar til að starfa hjá ríkinu, eða 71% þeirra sem greiddu til LSR árið 2023, eða sveitarfélögum, 66% þeirra sem greiddu í Brú lífeyrissjóð starfsmanna sveitarfélaga (Seðlabanki Íslands, 2024b). Kynjaskiptingin við val á starfsvettvangi gæti endurspeglað sömu þætti og hafa áhrif á fjárfestingar þótt ekki sé hægt að slá því föstu. Karlar eru þannig, líkt og sjá má á þessum tölum úr lífeyriskerfinu, líklegri til að starfa í einkageiranum og þeir eru einnig líklegri til að fjárfesta fyrir eigin reikning í hlutabréfum, líkt og rakið var í kafla 2.1.

Við skoðun á íslenskum markaði verður þó að gera greinarmun á frjálsum sparnaði og skyldusparnaði í þessu samhengi. Þótt konur séu síður áberandi á markaði fyrir fjárfestingar fyrir frjálsan sparnað þá taka þær með sama hætti og karlar þátt í þeim skyldusparnaði sem felst í lífeyriskerfinu enda eru sömu kröfur gerðar til allra um þátttöku í því, óháð kyni. Það

kerfi á að tryggja fjárhagslegt öryggi allra launþega, án þess að þeir þurfi að reiða sig á frjálsan sparnað. Þátttaka kvenna í hinu valfrjálsa viðbótarlífeyrissparnaðarkerfi er svo eins og áður sagði ívið meiri en karla.

## 2.4 Traust til fjármálastofnana og fjárfestingaþátttaka

Traust til stofnana hefur verið skilgreint sem bilið milli væntinga og raunveruleika, og felur í sér áhættu af hálfu þess sem treystir (Rousseau o.fl., 1998). Einstaklingar sem sýna öðrum traust í nánum félagslegum aðstæðum hafa tilhneigingu til að sýna slíkt traust gagnvart stofnunum (Cole og Cohn, 2016). Þótt stofnanir setji sér siðareglur og traustsviðmið þá er ekki þar með sagt að hegðun stjórnenda þeirra sé tryggð (Bachmann og Inkpen, 2007). Ákvarðanir um að treysta eru því oft ekki aðeins rökbundnar, heldur mótask af orðspori og reynslu annarra. Traust byggist á gagnkvæmu sambandi. Starfsmenn fyrirtækja og stofnana þurfa að sýna af sér framkomu sem eykur trúverðugleika, þar sem traust almenningss á fyrirtæki eða stofnun ræðst að miklu leyti af framgöngu starfsfólks (Koehn, 1994).

Á Íslandi er traust til bankakerfisins metið í Þjóðarpúlssi Gallup. Í febrúar 2025 voru landsmenn spurðir „hversu mikið eða lítið traust berð þú til bankakerfisins“. Ljóst er að traustið er ekki mikið því einungis 20,6% þjóðarinnar bera traust til bankakerfisins. Þó ber að geta þess að traustið jókst um 4% á milli ára (Gallup, 2025). Skortur á trausti til fjármálastofnana hefur verið nefnt sem áhrifavaldur í fjárfestingahegðun kvenna (Guiso o.fl., 2008). Rannsóknir benda til þess að konur treysti síður fjármálafyrirtækjum og fjárfestingaráðgjöfum en karlar, sem getur dregið úr vilja þeirra til að fjárfesta (Niessen-Ruenzi og Zimmerer, 2024; Bucher-Koenen og Knebel, 2021). Í staðinn leita konur oft ráða hjá fjölskyldu og vinum varðandi fjármálalegar ákvarðanir (Ford og Kent, 2009).

Takmörkuð fjárfestingaþátttaka kvenna hefur víðtækar afleiðingar fyrir efnahagslega framtíð þeirra. Minni þátttaka á fjármálamörkuðum getur í mörgum löndum haft áhrif á eftirlaunsparnað kvenna og dregið úr fjárhagslegu öryggi þeirra til lengri tíma lítið (Niessen-Ruenzi og Schneider, 2022). Þá niðurstöðu er þó vart hægt að heimfæra á Ísland vegna þess skyldusparnaðar sem felst í lífeyriskerfinu eins og áður var vikið að. Þar að auki leiðir tekjuójöfnuður kynjanna til þess að konur geta lagt minna til hliðar til fjárfestinga, sem eykur enn frekar fjárhagslegt ójafnvægi milli kynja (Neelakantan og Chang, 2010). Það getur að einhverju marki haft áhrif á lífeyrissparnað á Íslandi og hvernig hann skiptist milli karla og kvenna þótt það flæki málið að réttindaávinnsla íslenskra lífeyrissjóða fyrir tiltekin laun er jafnhröð fyrir bæði karla og konur þrátt fyrir þann lýðfræðilega mun sem er á kynjunum, þ.e. að konur lifa að jafnaði lengur.

Kynjamunur í fjárfestingum er afleiðing margra samverkandi þátta, þar á meðal mismunar í fjármálalæsi, áhættusækni, trausti til fjármálastofnana og félagslegum normum. Þrátt fyrir aukna atvinnuþátttöku og menntun kvenna sýna gögn að þær fjárfesta enn síður en karlar (Tölvupóstur, Magnús Harðarson, forstjóri Nasdaq Iceland 11. apríl 2025). Til að draga úr þessum mun þarf að styðja við fjárhagslegt sjálfstraust kvenna, efla fjármálafræðslu og bæta aðgengi að sérsniðnum fjárfestingartækifærum. Auður kvenna hefur aukist verulega á síðustu árum og er t.a.m. áætlað að eignir í stýringu kvenna í Bandaríkjunum muni nema um 30 billjónum (e. trillion) Bandaríkjadala fyrir árið 2030 (Bowley o.fl., 2023). Samhliða auknum fjárhagslegum umsvifum kvenna hefur jafnframt orðið aukning í áherslum þeirra á sjálfbærar fjárfestingar, en rannsóknir sýna að konur hafa almennt meiri áhuga á slíkum fjárfestingum en karlar (Aristei og Gallo, 2024). Fjármálafyrirtæki hafa brugðist við þessari vaxandi eftirspurn með auknu framboði á sérhæfðum fjárfestingarsjóðum og eignastýringarþjónustu með áherslu á jafnrétti og sjálfbærni (Smucker og Atherton, 2024; Thorarinsdóttir o.fl., 2024).

### 3 Aðferð

Markmið þessarar rannsóknar er að greina hvaða þættir hafa áhrif á fjárfestingahegðun kvenna í atvinnulífinu á Íslandi, bæði hindranir og hvetjandi áhrifaþætti. Rannsóknin beinist að fjárfestingahegðun kvenna með burði til þátttöku á fjármálamörkuðum og áhrif innan atvinnulífsins. Því var ákveðið að leggja könnunina fyrir félagskonur í Félagi kvenna í atvinnulífinu (FKA), sem að jafnaði gegna stjórnunarstöðum, reka eigin fyrirtæki eða hafa víðtæka reynslu úr atvinnulífi. Þetta þýði veitir einstaka innsýn í hindranir sem jafnvel konur með menntun, tekjur og aðgang að upplýsingum mæta. Slíkt getur varpað ljósi á dýpri og kerfisbundnari áhrifaþætti fjárfestingahegðunar. Þó hefur valið takmarkanir; niðurstöður eru ekki alhæfanlegar yfir á allar konur í samfélaginu. Þær endurspeglar upplifun tiltekins hóps en veita mikilvægar vísbendingar um samfélagslega mótaðar hindranir og hugsanlega stefnumótandi úrbætur. Stuðst var við hentugleikaúrtak við val á þátttakendum í rannsóknina (Katz, 1972).

Könnunin var lögð fyrir í lokuðum hópi félagskvenna á Facebook, sem telur 1.400 konur, á tímabilinu 21. febrúar – 10. mars 2025 og tóku 316 konur þátt á þeim tíma. Fram kom að könnunin væri valkvæð og svör yrðu ekki rakin til einstakra þátttakenda. Flestar voru á aldrinum 46-55 ára og höfðu lokið framhaldsnámi á háskólastigi (Tafla 1).

**Tafla 1**

*Lýsandi tölfraði yfir þátttakendur*

|                                   | Fjöldi | Prósenta |
|-----------------------------------|--------|----------|
| <b>Aldur</b>                      |        |          |
| 18-25 ára                         | 2      | 0,7      |
| 26-35 ára                         | 15     | 5,4      |
| 36-45 ára                         | 64     | 23,1     |
| 46-55 ára                         | 104    | 37,5     |
| 56-65 ára                         | 69     | 24,9     |
| 66-75 ára                         | 20     | 7,2      |
| 75 ára og eldri                   | 3      | 1,1      |
| <b>Menntun</b>                    |        |          |
| Grunnskólapróf                    | 2      | 0,7      |
| Framhaldsskólapróf                | 19     | 6,9      |
| Iðnmenntun                        | 9      | 3,2      |
| Grunngráða í háskóla              | 46     | 16,6     |
| Framhaldsgráða í háskóla          | 201    | 72,6     |
| <b>Starf</b>                      |        |          |
| Í opinbera geiranum               | 50     | 18,1     |
| Í einkageiranum                   | 205    | 74,0     |
| Annars staðar                     | 22     | 7,9      |
| <b>Tekjur eftir skatt</b>         |        |          |
| 600 þús. eða lægri                | 35     | 12,6     |
| 601-800 þús.                      | 55     | 19,9     |
| 801-1.000 þús.                    | 51     | 18,4     |
| 1.001-1.200 þús.                  | 27     | 9,8      |
| 1.201-1.400 þús.                  | 27     | 9,8      |
| 1.401-1.600 þús.                  | 13     | 4,7      |
| 1.601-1.800 þús.                  | 8      | 2,9      |
| 1.801-2.000 þús.                  | 10     | 3,6      |
| Hærrí en 2.000 þús.               | 15     | 5,4      |
| Vill ekki svara                   | 36     | 13,0     |
| <b>Hjúskaparstaða</b>             |        |          |
| Einhleyp                          | 28     | 10,1     |
| Í föstu sambandi en ekki í sambúð | 9      | 3,2      |
| Í sambúð                          | 36     | 13,0     |
| Gift                              | 196    | 70,8     |
| Fráskilin                         | 6      | 2,2      |
| Ekkja                             | 2      | 0,7      |

### 3.1 Mælitæki

Spurningalistinn innihélt bæði lokaðar og hálflokaðar spurningar sem hannaðar voru til að meta upplifun þátttakenda af fjárfestingum, hindrunum og fyrri reynslu tengdri fjármálafræðslu.

Til að meta hindranir við þátttöku á fjárfestingamarkaði voru þátttakendur beðnir að svara spurningunni: „Hvað hindrar þig helst í því að fjárfesta?“ Þar var heimilt að merkja við fleiri en einn valkost. Svarmöguleikarnir voru: *Skortur á fjárhagslegri þekkingu, ótti við áhættu, skortur á fjármagni, flókin fjárfestingaferli, lítil eða engin fyrirmynd í umhverfi mínu, hef ekki nægt traust til fjármálastofnana, tímaskortur og annað* (opinn svarmöguleiki).

Öryggis tilfinning þátttakenda gagnvart því að taka fjárfestingaákvörðanir var metin með einni spurningu: „Hversu örugg eða óörugg ertu með að taka fjárfestingaákvörðanir?“ Svarað var á fimm punkta Likert-kvarða: *mjög örugg, frekar örugg, hvorki né, frekar örugg og mjög örugg*.

Fjármálafræðsla í æsku var könnuð með spurningunni: „Fékkstu einhverja fjármálafræðslu eða kennslu um sparnað og fjárfestingar í æsku?“ Þátttakendur gátu merkt við fleiri en einn eftirfarandi valkosta: *Já – frá foreldrum, já – í skóla, já – frá öðrum (t.d. vinum, fjölskyldumeðlimum, námskeiðum), nei – ég fékk enga sérstaka fjármálafræðslu og annað* (opinn svarmöguleiki).

Til að kanna hvort þátttakendur hefðu notið faglegrar aðstoðar við fjárfestingar var spurt: „Hefur þú notið aðstoðar sérfræðings við fjárfestingar?“ Með sérfræðingi var átt við einstakling með reynslu eða menntun á sviði fjárfestinga. Svarmöguleikarnir voru: *Já – karlkyns ráðgjafa, já – kvenkyns ráðgjafa, nei – en myndi vilja hafa betri aðgang að ráðgjafa og nei og hef ekki áhuga*.

Til að meta fjárfestingareynslu þátttakenda voru þeir spurðir hvort þeir hefðu fjárfest í tilteknum eignaflokkum á síðustu fimm árum. Svarað var með því að merkja við alla viðeigandi valkosti. Eftirfarandi fjárfestingaleiðir voru tilgreindar: *hlutabréf, skuldabréf, sjóðir, eignir (s.s. fasteignir eða listaverk), einkafjárfestingar (t.d. í sprotafyrirtækjum eða óskráðum félögum), rafninyntir, gjaldmiðlar og annað*.


## 4 Niðurstöður

Niðurstöðurnar sýna að algengustu fjárfestingar kvennanna voru í eignum (svo sem fasteignum eða listaverkum) og hlutabréfum líkt og sjá má á mynd 1. Sjóðir komu þar á eftir. Minnihluti kvennanna hafði fjárfest í einkafjárfestingum, gjaldmiðlum, skuldabréfum og rafninyntum. Einnig kom fram að lítill hópur hafði ekki fjárfest í neinu síðastliðin fimm ár. Þessi niðurstaða gefur vísbendingar um að stór hluti kvenna hafi reynslu af fjárfestingum, þó áherslan virðist fyrst og fremst vera á eignatengdar fjárfestingar og hefðbundnari leiðir á borð við sjóði og hlutabréf.

Meðal þeirra sem höfðu fjárfest á síðustu fimm árum voru flestar konur með reynslu af einni fjárfestingaleið (38%), en um fjórðungur (26%) hafði fjárfest í tveimur fjárfestingakostum. Færri höfðu fjárfest í þremur (16%), fjórum (10%) eða fimm eða fleiri fjárfestingakostum (rúm 5%). Um 6% þátttakenda höfðu ekki fjárfest í neinum af þeim valkostum sem boðið var upp á. Það kemur ekki á óvart í ljósi talna Hagstofunnar um skiptingu eigna fjölskyldna. Árið 2023 átti þannig 10% framteljenda verðbréf að andvirði einungis 27 þús. kr. eða minna skv. skattframtali (Hagstofa Íslands, 2025c). Tölur Hagstofunnar sýna ekki skiptingu eigna milli kynja enda telja hjón og sambúðarfólk þær fram sameiginlega.

## Mynd 1

Fjárfestingar eftir fjárfestingamöguleikum síðastliðin 5 ár




## 4.1 Hindranir í að fjárfesta

Mynd 2 sýnir hlutfall kvenna sem nefndu mismunandi hindranir við fjárfestingar. Algengasta hindrunin var skortur á fjármagni (46,1%), en einnig töldu margar konur að skortur á fjárhagslegri þekkingu og ótti við áhættu væru veigamiklir þættir. Tímaskortur og skortur á fyrirmyndum í umhverfi kvennanna voru einnig nokkuð algeng svör. Færri nefndu flókin fjárfestingarferli (23,6%) og skort á trausti til fjármálastofnana.

## Mynd 2

Hindranir í að fjárfesta




Til að greina niðurstöður nánar voru þátttakendur flokkaðir í tvo aldurshópa: annars vegar konur 45 ára og yngri, og hins vegar konur 46 ára og eldri. Þessi skipting byggir á þremur meginþáttum. Fyrst ber að nefna lífskeiðsmun. Um eða upp úr fertugu verða oft breytingar á forgangsörðun einstaklinga, þar sem aukin áhersla er lögð á fjárhagslegt öryggi, eftirlaunaáætlanir og langtímafjárfestingar. Þessar breytingar geta haft áhrif á áhættuhegðun og ákvarðanir tengdar fjárfestingum. Í öðru lagi tengist skiptingin aðstæðum á vinnumarkaði. Fyrir 45 ára aldur eru margir enn að festa sig í sessi á vinnumarkaði, auka tekjur og safna reynslu. Eftir þann aldur hefur fólk oftár náð auknum starfsstöðugleika, sem getur haft áhrif á áhuga og getu til að fjárfesta. Einnig getur verið að einstaklingar fari að huga að minnkandi starfsþátttöku eða skipuleggja starfslok. Að lokum var tekið tillit til aldursdreifingar þátttakenda. Skiptingin

við 45 ár tryggði tiltölulega jafna stærð hópa, sem eykur tölfræðilegt afl og auðveldar samanburð milli aldurshópa.


Mesti munurinn í mati á hindrunum í að fjárfesta á milli yngri og eldri félagskvenna í FKA var skortur á þekkingu líkt og mynd 3 sýnir. Yngri konur svöruðu því frekar til að skortur á þekkingu væri hindrun í fjárfestingu,  $\chi^2(1, N=277) = 12,14, p < 0,001, \phi = 0,21$ . Þá töldu yngri konur frekar að það væri lítil eða engin fyrirmynd í umhverfi þeirra,  $\chi^2(1, N=277) = 4,97, p = 0,026, \phi = 0,13$ . Eldri konur svöruðu því hins vegar frekar til að þær hefðu ekki nægt traust til fjármálastofnana,  $\chi^2(1, N=277) = 3,73, p = 0,054, \phi = 0,12$ . Á öðrum atriðum var ekki tölfræðilega marktækur munur á mati kvennanna eftir aldri.

### Mynd 3

*Hindranir í að fjárfesta eftir aldri*




Þátttakendum var skipt í tvo hópa eftir menntun: konur með háskólamenntun og konur án háskólamenntunar. Tilgangurinn var að kanna hvort menntunarstig tengdist ólíkri upplifun af hindrunum við fjárfestingar (Mynd 4). Tvær hindranir reyndust sýna tölfræðilega marktækan mun milli hópa. Í fyrsta lagi var skortur á fjárhagslegri þekkingu mun algengari meðal kvenna án háskólamenntunar ( $\chi^2(1, N=277) = 4,49, p = 0,034, \phi = 0,13$ ), en um helmingur þeirra nefndi þetta sem hindrun, samanboreð við um þriðjung háskólamenntaðra. Þetta bendir til þess að menntun kunni að efla fjárhagslegt sjálfstraust og færni til að taka ákvarðanir á fjármálamarkaði. Í öðru lagi var tímaskortur oftast nefndur af háskólamenntuðum konum ( $\chi^2(1, N=277) = 4,31, p = 0,038, \phi = 0,12$ ), en um þriðjungur þeirra taldi það hindrun, á meðan mun færri konur án háskólamenntunar tóku það fram. Þetta gæti endurspeglað ólíkar aðstæður á vinnumarkaði, þar sem háskólamenntaðar konur eru mögulega oftast í ábyrgðarmeiri störfum sem krefjast meiri tíma. Aðrar hindranir, svo sem skortur á fjármagni, ótti við áhættu og flókin fjárfestingaferli, voru einnig algengar, en munurinn milli hópa var ekki tölfræðilega marktækur.

**Mynd 4***Hindranir í að fjárfesta eftir menntun*

Þátttakendum var einnig skipt í tvo hópa eftir mánaðarlegum ráðstöfunartekjum: annars vegar konur með 1.000.000 kr. eða lægri tekjur eftir skatt, og hins vegar konur með hærri tekjur en 1.000.000 kr. Slík skipting gerir kleift að greina hvort fjárhagsleg staða hafi áhrif á skynjun á hindrunum við fjárfestingar. Þar sem fjárfesting krefst gjarnan aukins svigrúms í fjármálum, má ætla að konur með hærri tekjur upplifi síður hindranir tengdar skorti á fjármagni. Á hinn bóginn gæti munur á fjárhagslegri þekkingu eða trausti til fjármálageira verið minni milli hópa, þar sem tekjur endurspeglar ekki endilega aðgengi að upplýsingum eða menntun.

Mynd 5 sýnir hlutfall kvenna í hvorum hópi sem nefndu mismunandi hindranir við fjárfestingar. Í þremur tilvikum kom fram tölfræðilega marktækur munur milli hópa. Skortur á fjármagni reyndist algengari hindrun hjá konum með lægri tekjur ( $\chi^2(1, N=241) = 5,42, p < 0,020, \phi = 0,15$ ). Um 53% kvenna í þeim hópi töldu fjárskort meginhindrun, samanborið við um 38% meðal þeirra sem hafa hærri tekjur. Þessi munur er í samræmi við væntingar, þar sem fjárhagslegt svigrúm er lykilforsenda fyrir fjárfestingum. Ótti við áhættu var einnig marktækt algengari meðal kvenna með tekjur undir 1 milljón ( $\chi^2(1, N=241) = 3,74, p = 0,053, \phi = 0,12$ ), sem bendir til þess að lægri tekjur kunni að auka áhættufælni eða minnka tapsþol en sú tilhneiging er vel þekkt (Riley og Chow, 2018). Að lokum var skortur á fjárhagslegri þekkingu oftast nefndur af þeim sem voru í lægri tekjuhópnum ( $\chi^2(1, N=241) = 11,72, p < 0,001, \phi = 0,22$ ). Þetta bendir til þess að tekjur geti að einhverju leyti tengst aðgengi að þekkingu eða upplifun af fjármálalegu sjálfstæði. Aðrar hindranir, svo sem tímaskortur, flókin fjárfestingaferli og skortur á fyrirmyndum voru nokkuð algengar í báðum hópum, en sýndu ekki tölfræðilega marktækan mun.

**Mynd 5***Hindranir í að fjárfesta eftir tekjum***4.2 Öryggi með að taka fjárfestingaákvörðanir**

Konurnar voru spurðar hversu öruggar eða óöruggar þær væru með að taka fjárfestingaákvörðanir. Flestar kvennanna sögðust vera frekar óöruggar (36%). Hlutfall þeirra sem töldu sig frekar öruggar var einnig talsvert (27%), en mjög fáar lýstu sig mjög öruggar (7%) eða mjög óöruggar (8%). Þessar niðurstöður benda til þess að almennt ríki nokkur óvissa eða varfærni meðal kvenna þegar kemur að því að taka fjárfestingaákvörðanir. Meirihlutinn lýsir annaðhvort óöryggi eða hlutleysi, sem getur skýrt hvers vegna þátttaka kvenna á fjárfestingamarkaði er oft takmörkuð.

Í framhaldi var kannað hvernig þessi upplifun af öryggi tengist þeim hindrunum sem þátttakendur nefndu. Til að skoða þessi tengsl nána var gerður samanburður með tveggja hópa *t*-prófum á meðaltölum öryggistilfinningar meðal þeirra sem nefndu hverja hindrun og þeirra sem ekki nefndu hana. Meðaltöl og staðalfrávik eru sýnd í töflu 2.

**Tafla 2***Munur á öryggi með að taka fjárfestingaákvörðanir eftir hindrunum*

|                                           | Hindrun |       |     | Ekki Hindrun |      |     |     |
|-------------------------------------------|---------|-------|-----|--------------|------|-----|-----|
|                                           | M       | Sf    | N   | M            | Sf   | N   |     |
| Skortur á fjármagni                       | 2,78    | 1,16  | 137 | 2,97         | 1,09 | 160 |     |
| Ótti við áhættu                           | 2,45    | 0,98  | 100 | 3,11         | 1,13 | 197 | *** |
| Skortur á fjárhagslegri þekkingu          | 2,21    | 0,87  | 100 | 3,23         | 1,09 | 197 | *** |
| Tímaskortur                               | 2,95    | 1,15  | 97  | 2,85         | 1,11 | 200 |     |
| Lítil eða engin fyrirmynd í umhverfi mínu | 2,42    | 1,02  | 92  | 3,09         | 1,11 | 205 | *** |
| Flókin fjárfestingarferli                 | 2,56    | 1,09  | 70  | 2,99         | 1,12 | 227 | **  |
| Hef ekki nægt traust til fjármálastofnana | 2,89    | 1,093 | 54  | 2,88         | 1,13 | 243 |     |
| Annað                                     | 3,63    | 0,85  | 30  | 2,80         | 1,12 | 267 | *** |

Skýring: \* $p < 0,05$  \*\* $p < 0,01$  \*\*\* $p < 0,001$ 

Niðurstöðurnar sýna að ákveðnar hindranir tengdust tölfræðilega marktækt minni öryggistilfinningu. Þær sem nefndu eftirfarandi hindranir töldu sig marktækt óöruggari með að taka

fjárfestingaákvörðanir en þær sem ekki nefndu viðkomandi hindrun: áhættufælni, skortur á fjárhagslegri þekkingu, lítil eða engin fyrirmynd í umhverfi mínu, og flókin fjárfestingaferli. Aðrar hindranir, svo sem skortur á fjármagni, tímaskortur, og skortur á trausti til fjármálastofnana, tengdust ekki marktækum mun á öryggistilfinningu.


Þessar niðurstöður styðja við fyrri greiningu og undirstrika sérstaklega að skortur á þekkingu, fyrirmyndum og áhættufælni tengjast minna öryggi í fjárfestingum. Því má ætla að inngrip sem miða að fræðslu, fyrirmyndum og áhættulæsi geti haft jákvæð áhrif á þátttöku kvenna í fjárfestingum. Þetta endurspeglast að hluta til einnig í gögnum könnunarinnar, þar sem konur sem fengu fjármálafræðslu í æsku ( $M = 3,11$ ;  $Sf = 1,07$ ) reyndust tölfræðilega marktækt öruggari með að taka fjárfestingaákvörðanir en þær sem ekki fengu slíka fræðslu ( $M = 2,74$ ;  $Sf = 1,15$ ),  $t(270) = 2,65$ ;  $p = 0,009$ ,  $d = 0,32$ .

### 4.3 Hindranir í að fjárfesta og fjármálafræðsla í æsku

Til að skoða áhrif fjármálafræðslu í æsku á upplifun af hindrunum við fjárfestingar var kannað hvort munur væri á svörum eftir því hvort þátttakendur höfðu fengið fjármálafræðslu í æsku (35,7%) eða ekki. Mynd 6 sýnir hlutfall þátttakenda sem nefndu hverja hindrun, eftir því hvort þeir höfðu fengið slíka fræðslu. Niðurstöðurnar sýna að þær sem höfðu fengið fjármálafræðslu í æsku voru tölfræðilega marktækt síður líklegar til að telja sig skorta fjárhagslega þekkingu ( $\chi^2(1, N=272) = 11,16$ ,  $p < 0,001$ ,  $\phi = 0,20$ ). Þetta styður fyrri niðurstöður rannsóknarinnar, þar sem fjárhagsleg þekking reyndist tengjast auknu öryggi við fjárfestingaákvörðanir. Einnig voru þær sem fengu slíka fræðslu síður líklegar til að upplifa skort á fyrirmyndum í sínu nærumhverfi ( $\chi^2(1, N=272) = 3,99$ ,  $p = 0,046$ ,  $\phi = 0,12$ ). Þetta bendir til þess að fræðslan kunni að hafa veitt ákveðna fyrirmynd eða fyrri tengingu við fjármál, jafnvel þótt umhverfið hafi ekki að öðru leyti boðið upp á slíkt. Aðrar hindranir, svo sem skortur á fjármagni, ótti við áhættu og flókin fjárfestingaferli, sýndu ekki tölfræðilega marktækan mun eftir fjármálafræðslu.

#### Mynd 6

Hindranir í að fjárfesta eftir fjármálafræðslu í æsku




### 4.4 Hindranir í að fjárfesta og aðstoð sérfræðings við fjárfestingar

Í því skyni að kanna hvort aðgengi að sérfræðiþekkingu tengist upplifun kvenna af hindrunum við fjárfestingar var konunum skipt í tvo hópa eftir því hvort þær höfðu nýtt sér aðstoð sérfræðings eða ekki. Mynd 7 sýnir hlutfall þeirra sem nefndu hverja hindrun, eftir því hvort þær höfðu notið aðstoðar sérfræðings (23,6%). Niðurstöðurnar sýna að almennt er mynstur hindrana svipað á milli hópa. Hins vegar kom fram tölfræðilega marktækur munur í einum

lið. Þær sem höfðu notið aðstoðar sérfræðings voru tölfræðilega marktækt líklegri til að nefna að þær ættu enga fyrirmynd í sínu umhverfi ( $\chi^2(1, N=284) = 6,68, p = 0,010$ ),  $\phi = 0,15$ . Þetta bendir til þess að samskipti við sérfræðing geti í einhverjum tilvikum virkað sem staðgengill fyrirmyndar eða veitt ákveðinn stuðning og innblástur til að fjárfesta. Aðrar hindranir, svo sem skortur á fjármagni, ótti við áhættu og skortur á fjárhagslegri þekkingu, voru álíka algengar meðal þeirra sem höfðu og höfðu ekki notið aðstoðar sérfræðings.

### Mynd 7

*Hindranir í að fjárfesta eftir því hvort þátttakendur hafa notið aðstoðar sérfræðings.*



## 5 Umræður

Efnahagsleg þátttaka hefur bein áhrif á sjálfstæði og velferð einstaklinga, sérstaklega þegar kemur að fjárfestingum sem eru lykilþáttur í að auka langtímaauð og efnahagslegt öryggi. Á sama tíma er kynjabil í efnahagslegri þátttöku, sérstaklega í fjárfestingum, enn til staðar í mörgum samfélögum, þar á meðal á Íslandi. Þetta bil hindrar konur í að nýta sér alla möguleika á fjármálamarkaði og kemur í veg fyrir að þær byggi upp fjárhagslegt sjálfstæði. Alþjóðabankinn hefur bent á að ef þetta kynjabil væri brúað, gæti það aukið verga landsframleiðslu á heimsvísu um allt að 20% (World Bank, 2024). Kynjabilið í fjárfestingum hefur því bæði félagslega og efnahagslega þýðingu, sem kallar á aðgerðir til að auka þátttöku kvenna á fjármálamarkaði.

Viðfangsefni þessarar greinar var að skoða þá þætti sem hafa áhrif á fjárfestingaákvörðanir kvenna í íslensku atvinnulífi og hindranir sem þær mæta við þátttöku á fjármálamarkaði. Rannsóknarspurningarnar voru: „Hvaða þættir hafa áhrif á fjárfestingaákvörðanir kvenna í íslensku atvinnulífi?“ og „Hvaða hindranir standa í vegi fyrir þátttöku þeirra á fjármálamarkaði?“ Niðurstöður rannsóknarinnar varpa ljósi á flókið samspil áhrifa sem hefur mótað fjárfestingahegðun kvenna í íslensku atvinnulífi og sýna að hindranir fyrir þátttöku kvenna á fjármálamarkaði eru bæði huglægar og efnislegar.

Konurnar sem tóku þátt í rannsókninni hafa flestar háskólamenntun, tiltölulega háar tekjur og mikla starfsreynslu, en niðurstöðurnar sýna engu að síður að helstu hindranir sem konurnar nefna eru skortur á fjármagni, skortur á fjárhagslegri þekkingu og áhættufælni. Einnig spila félagslegir og sálfræðilegir þættir, svo sem skortur á fyrirmyndum og minni öryggistilfinning gagnvart fjárfestingum, mikilvægt hlutverk. Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður annarra rannsókna, þar sem skortur á fjármagni og óöryggi um fjármál eru oft

taldar helstu hindranir fyrir konur (N26, 2022). Rannsóknir hafa einnig sýnt að skortur á fjárhagslegri þekkingu er sérstaklega hamlandi, þar sem hann hefur áhrif á fjárhagslegt sjálfs-traust og ákvarðanatöku (Bucher-Koenen o.fl., 2016; Merkoulova og Veld, 2022).

Fjárfestingaákvarðanir kvenna eru einnig mótaðar af félagslegum þáttum, menntun, tekjum og fyrri reynslu. Konur sem fengu fjármálafræðslu í æsku reyndust marktækt öruggari við fjárfestingaákvarðanir og voru síður líklegar til að upplifa hindranir tengdar þekkingarskorti eða skorti á fyrirmyndum. Þetta endurspeglar mikilvægi fjárhagslegrar fræðslu í æsku, sem hefur verið tengt við aukið sjálfstraust og betri ákvarðanatöku síðar í lífinu (Bucher-Koenen o.fl., 2016).

Rannsóknin sýnir einnig aldursmun í skynjun kvenna á hindrunum. Yngri konur voru líklegri til að tilgreina skort á þekkingu og fyrirmyndum sem meginhindranir, en eldri konur lýstu fremur vantrausti til fjármálastofnana. Þessi munur endurspeglar niðurstöður annarra rannsókna sem sýna að fjármálalæsi ungs fólks er lakara en hjá eldri hópum (Strough o.fl., 2019) og að félagsmótun og sýnileg fyrirmynd hefur áhrif á þátttöku í fjárfestingum (Ford og Kent, 2009). Vantraust eldri kvenna á fjármálastofnunum er einnig í samræmi við rannsóknir sem sýna að konur treysta síður fjármálageiranum og leita síður formlegrar ráðgjafar (Guiso o.fl., 2008; Niessen-Ruenzi og Zimmerer, 2024).

Menntun og þekking eru enn fremur viðfangsefni sem rannsóknin varpar ljósi á. Konur sem ekki hafa lokið háskólanámi voru líklegri til að lýsa skorti á fjárhagslegri þekkingu sem helstu hindrun í fjárfestingum, sem styður fyrri rannsóknir sem tengja menntun og fjármálalæsi (Torma o.fl., 2023; Bucher-Koenen o.fl., 2021). Háskólamenntaðar konur nefndu frekar tímaskort sem hindrun, sem getur verið merki um meiri ábyrgð í störfum og aukið vinnuálag.

Samantekt niðurstaðna sýnir skýrt að jafnvel meðal kvenna sem hafa tök á fjárfestingum, til dæmis vegna fjárhagsstöðu eða menntunar, eru enn fjölbreyttar og kerfisbundnar hindranir. Niðurstöðurnar eru í samræmi við evrópskar og bandarískar rannsóknir sem sýna að fjármálalæsi, sjálfstraust og aðgengi að upplýsingum eru lykilþættir til að brúa kynjabilið í fjárfestingum (Fidelity, 2024; BlackRock og YouGov, 2024; N26, 2022). Það er von höfunda að þessi rannsókn leggi bæði fræðilegt og hagnýtt framlag til þverfaglegrar umræðu um fjárfestingahegðun kvenna og efnahagslegt jafnrétti. Þetta er að því að höfundum er best kunnugt um fyrsta rannsókn sinnar tegundar á Íslandi sem beinist sérstaklega að fjárfestingum kvenna í íslensku atvinnulífi.

Rannsóknin nýtir fjölþættan fræðilegan ramma sem sameinar kenningar um fjármálalæsi, áhættumat, félagsmótun og traust til fjármálastofnana og tengir þær við ný gögn úr íslenskum veruleika. Hagnýtt framlag felst meðal annars í því að varpa ljósi á mikilvægi markvissrar fjármálafræðslu, nauðsyn sérsniðinnar þjónustu og aðgerða sem styðja við fjárhagslegt sjálfstæði kvenna. Takmarkanir rannsóknarinnar felast einkum í úrtaksvali og framkvæmd, þar sem stuðst var við hentugleikaúrtak meðal félagskvenna í FKA, sem þýðir að niðurstöður eru ekki alhæfanlegar yfir á allar konur á vinnumarkaði. Einnig var byggt á sjálfsmati og tengdum skynjunarmælikvörðum sem geta verið háðir túlkun og minni þátttakenda. Frekari rannsóknar er þörf þar sem könnun væri einnig lögð fyrir karla og stærra úrtak.

## 5.1 Tillögur að lausnum

Þessi rannsókn á fjárfestingahegðun kvenna í íslensku atvinnulífi bendir til nokkurra mögulegra leiða til að draga úr hindrunum sem standa í vegi þeirra fyrir þátttöku á fjármálamörkuðum. Þær eru þessar helstar;

1. *Fjármálafræðsla*: Efla þarf opinbera umræðu, fræðslu og kennslu í fjárfestingum, sérstaklega þarf að beina sjónum að því að auka sjálfstraust kvenna þegar kemur að fjárhagslegum ákvörðunum. Samhent átak meðal stjórnvalda, skólakerfis, fjármálastofnana og atvinnulífs gæti reynst mikilvægt skref og gæti leitt til aukins fjármálalæsis, eflt fjármálavitund og aukið sjálfstraust kvenna.

2. *Sérsviðin fjármálaþjónusta*: Fjármálaþjónusta gætu þróað þjónustu og vörur til að mæta betur þörfum kvenna í fjárfestingum, t.d. með sérsviðinni fjárfestingaráðgjöf eða stafrænum lausnum.
3. *Efnahagslegt sjálfstæði kvenna*: Hvetja þarf konur til að taka virkari þátt í fjárhagslegum ákvörðunum og auka sjálfstæði þeirra í fjármálum.
4. *Félagslegir og efnahagslegir hvatar*: Mikilvægt er að bregðast við þeim félagslegu og efnahagslegu byrðum sem hvíla hlutfallslega oftar á konum, t.d. tengdum umönnunarhlutverki sem gæti leitt til tímaskorts og launamisréttis. Aðgerðir sem miða að því að draga úr kynbundnu tekjubili og jafna stöðu á vinnumarkaði geta haft jákvæð áhrif á möguleika kvenna til fjárfestinga og efnahagslegs sjálfstæðis.

Tillögunum er ætlað að jafna aðgengi kynjanna að fjármálamörkuðum og draga úr þeim kerfislegu þáttum sem enn takmarka þátttöku kvenna sem virkra fjárfesta og eru í samræmi við markmið íslenskra stjórnsvalda að stuðla að kynjajafnrétti í atvinnulífinu.

## Pakkir

Höfundar vilja þakka Rannís (nr. 239880-051), Rannsóknasjóði Háskóla Íslands (nr. 15512 og 15533) og helsta bakhjarli Rannsóknaseturs um jafnrétti í efnahags- og atvinnulífi, Arion banka. Þá vilja höfundar einnig þakka samstarfsaðilum hjá Creditinfo, Gallup, GemmaQ, Landssamtökum lífeyrissjóða og Nasdaq Ísland.

## Heimildir

- Anna Sif Gunnarsdóttir og Rósmundur Guðnason. (28.11.2024). Skuldir, eignir og eiginfjárstaða einstaklinga. <https://hagstofas3bucket.hagstofa.is/hagstofan/media/public/2020/4ab2b9c4-5491-46b5-95d0-185439b527c5.pdf>
- Arion banki. (2025). Áhugaverðar staðreyndir um stöðu kvenna á fjármálamarkaði. <https://www.arionbanki.is/konur/stadreyndir/>
- Aristei, D. og Gallo, M. (2024). Gender-related effects of financial knowledge and confidence on preferences for ethical intermediaries and sustainable investments. *International Journal of Bank Marketing*, 42(3), 486–512. <https://doi.org/10.1108/IJBM-06-2023-0355>
- Ásta Dís Óladóttir, Friðrik Árni Friðriksson, Gylfi Magnússon og Valur Þráinsson. (2017). Að þjóna sömu herrum en keppa þó: Sameiginlegt eignarhald á íslenskum hlutabréfamarkaði. *Stjórnmal & stjórnsýsla*, 13(1), 27–52. <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2017.13.1.2>
- Ásgeir Danielsson, Rannveig Sigurðardóttir og Svava J. Haraldsdóttir. (2023). Participation in supplementary pension savings in Iceland. Working Paper Series no. 91. Seðlabanki Íslands. [https://www.cb.is/library/Skraarsafn---EN/Working-Papers/WP\\_91.pdf](https://www.cb.is/library/Skraarsafn---EN/Working-Papers/WP_91.pdf)
- Bachmann, R. og Inkpen, A. C. (2007). Trust and Institutions. *Sociological Series*, 84. <https://www.ssoar.info/ssoar/handle/document/19687>
- Barber, B.M og Odean, T. (2001). Boys will be Boys: Gender, Overconfidence, and Common Stock Investment, *The Quarterly Journal of Economics*, 116(1), 261–292. <https://doi.org/10.1162/003355301556400>
- Bernasek, A. og Shwiff, S. (2001). Gender, risk, and retirement. *Journal of Economic Issues*, 35(2), 345–356. <https://doi.org/10.1080/00213624.2001.11506368>
- BlackRock og YouGov (2024). *People & Money – The Trends Shaping Investing in the Nordics*. <https://www.blackrock.com/se/individual/literature/brochure/people-and-money-nordics-infographic.pdf>
- Bowley, T., Gosai, D., Mantaro, M., Hope, K. og Xu, R. (2023). *The rising wealth of women*. Bank of America Institute. <https://institute.bankofamerica.com/content/dam/transformation/rising-wealth-of-women.pdf>
- Bucher-Koenen, T., Lusardi, A., Alessie, R., og Van Rooij, M. (2016). How financially literate are women? *The Journal of Consumer Affairs*, 51(2), 255–283. <https://doi.org/10.1111/joca.12121>
- Bucher-Koenen, T., Alessie, R. J. M., Lusardi, A. og van Rooij, M. (2021). Fearless Woman: Financial Literacy and Stock Market Participation. *ZEW - Centre for European Economic Research*. Discussion Paper No. 21-015. <http://dx.doi.org/10.2139/ssrn.3798304>
- Byrnes, J. P., Miller, D. C. og Schafer, W. D. (1999). Gender differences in risk-taking: A meta-analysis. *Psychological Bulletin*, 125(3), 367–383. <https://doi.org/10.1037/0033-2909.125.3.367>

- Cole, L. M. og Cohn, E. S. (2016). Institutional Trust Across Cultures: Its Definitions, Conceptualizations, and Antecedents Across Eastern and Western European Nations. Í Shockley, E., Neal, T., PytlikZillig, L., og Bornstein, B. (ritstj.) *Interdisciplinary Perspectives on Trust*. Springer. [https://doi.org/10.1007/978-3-319-22261-5\\_9](https://doi.org/10.1007/978-3-319-22261-5_9)
- Christiansen, T.H. og Óladóttir, Á.D. (2022). "The board needs more courage to make the decision to hire a woman CEO" Women directors call for more inclusive hiring procedures. Í Marques, J. and Dhiman, S. (ritstj.), *Leading with Diversity, Equity and Inclusion - Approaches, Practices and Cases for Integral Leadership Strategy*. Springer. [https://doi.org/10.1007/978-3-030-95652-3\\_26](https://doi.org/10.1007/978-3-030-95652-3_26)
- Croson, R. og Gneezy, U. (2009). Gender Differences in Preferences. *Journal of Economic Literature*, 47(2), 448–74. <https://www.aeaweb.org/articles?id=10.1257/jel.47.2.448>
- Eagly, A. H. og Wood, W. (1991). Explaining sex differences in social behavior: A meta-analytic perspective. *Personality and Social Psychology Bulletin*, 17(3), 306–315. <https://doi.org/10.1177/0146167291173011>
- Eckel, C. C. og Grossman, P. J. (2002). Sex differences and statistical stereotyping in attitudes toward financial risk. *Evolution and Human Behavior*, 23(4), 281–295. [https://doi.org/10.1016/S1090-5138\(02\)00097-1](https://doi.org/10.1016/S1090-5138(02)00097-1)
- Fidelity. (2023). *Ninety one percent of women think men are better investors - here's why that couldn't be more wrong*. <https://www.fidelity.ca/en/investor/investorinsights/women-better-investors/>
- Fidelity. (2024). *New Research from Fidelity® Shows 71% of Women Own Investments in the Stock Market*. <https://newsroom.fidelity.com/pressreleases/new-research-from-fidelity--shows-71--of-women-own-investments-in-the-stock-market/s/db3a5765-9b69-4e51-a315-66ecc51e0066>
- Fjármálavit. (2022). *Fjármálalæsi unglinga. Fræðsla er undirstaða farsældar í fjármálum*. <https://fjarmalavit.is/wp-content/uploads/2022/11/Fjarmalavit-loka-2022.pdf>
- Ford, M. W. og Kent, D. W. (2009). Gender differences in student financial market attitudes and awareness: An exploratory study. *Journal of Education for Business*, 85(1), 7–12. <https://doi.org/10.1080/08832320903217366>
- Gallup. (2025). *Traust til stofnana*. <https://www.gallup.is/nidurstodur/thjodarpuls/traust-til-stofnana/>
- Gudjonsson, S., Kristinsson, K. og Minelgaite, I. (2022). Follow us, not? Gender differences in financial literacy within the global leader of gender equality. *Entrepreneurship and Sustainability Issues*, 10(2), 351–361. [https://doi.org/10.9770/jesi.2022.10.2\(21\)](https://doi.org/10.9770/jesi.2022.10.2(21))
- Guiso, L., Sapienza, P. og Zingales, L. (2008). Trusting the stock market. *The Journal of Finance*, 63(6), 2557–2600. <https://doi.org/10.1111/j.1540-6261.2008.01408.x>
- Gylfi Magnússon. (2002). Eignastýring. *Kennslurit viðskipta- og hagfræðideildar Háskóla Íslands*, rit nr. 1. Reykjavík 2002.
- Hagstofa Íslands. (2025a). Skuldir, eignir og eiginfjárstaða einstaklinga eftir fjölskyldugerð, aldri og búsetu 1997–2023. [https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag\\_\\_lifskjor\\_\\_5\\_skuldastada\\_heimili\\_\\_1\\_skuldir\\_eignir/THJ09000.px](https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__lifskjor__5_skuldastada_heimili__1_skuldir_eignir/THJ09000.px)
- Hagstofa Íslands. (2025b). Atvinnuþátttaka, starfandi, vinnulitlir og atvinnuleysi, hlutfall eftir árum 2003–2024. [https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag\\_\\_vinnumarkadur\\_\\_vinnumarkadsrannsokn\\_\\_3\\_arstolur/VIN00911.px](https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__vinnumarkadur__vinnumarkadsrannsokn__3_arstolur/VIN00911.px)
- Hagstofa Íslands. (2025c). Eignir, hlutfallsdreifing, samtala tíundahluta 1997–2023. [https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag\\_\\_lifskjor\\_\\_5\\_skuldastada\\_heimili\\_\\_1\\_skuldir\\_eignir/THJ09004.px/table/tableViewLayout2/](https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__lifskjor__5_skuldastada_heimili__1_skuldir_eignir/THJ09004.px/table/tableViewLayout2/)
- Jha, S., og Shayo, M. (2025). Trading stocks builds financial confidence and compresses the gender gap. *The Economic Journal*, 135(665), 235–263. <https://doi.org/10.1093/ej/ueae076>
- Katz, D. (1972). Some final considerations about experimentation in social psychology. Í C.G. McClintock (ritstj.), *Experimental Social Psychology*. Holt, Rinehart & Winston.
- Kauphöll Íslands. (2006). *Kauphallartíðindi*, 6(7), 24. feb.
- Koehn, D. (1994). *The ground of professional ethics*. Routledge. <https://doi.org/10.4324/9780203006610>
- Larsen, L. S., Nielsson, U. og Rangvid, J. (2022). Gender and choice of pension product. *Finance Research Letters*, 47, 102692. <https://doi.org/10.1016/j.frl.2022.102692>
- Mahdavi, M. og Horton, N. J. (2014). Financial knowledge among educated women: Room for improvement. *Journal of Consumer Affairs*, 48(2), 403–417. <https://doi.org/10.1111/joca.12032>
- Malkiel, B. G. (2019). *A random walk down Wall Street* (12. útg.). W. W. Norton & Company.
- Marinelli, N., Mazzoli, C. og Palmucci, F. (2017). How does gender really affect investment behavior? *Economics Letters*, 151, 58–61. <https://doi.org/10.1016/j.econlet.2016.12.006>
- Merkoulova, Y. og Veld, C. (2022). Why do individuals not participate in the stock market? *International Review of Financial Analysis*, 83, 102292. <https://doi.org/10.1016/j.irfa.2022.102292>
- N26 (2022). Survey insights from N26. Women and investing: Closing the gender gap. <https://n26.com/en-eu/women-and-investing-survey>
- Neelakantan, U. og Chang, Y. (2010). Gender differences in wealth at retirement. *American Economic Review*, 100(2), 362–367. <https://doi.org/10.1257/aer.100.2.362>
- Niessen-Ruenzi, A. og Zimmerer, L. (2024). The gender investment gap: Reasons and consequences. *Finance Research Letters*, 58, 102928. <https://doi.org/10.2139/ssrn.4692726>
- Niessen-Ruenzi, A. og Schneider, C. (2022). The gender pension gap in Germany – reasons and remedies. *CE-Sifo Forum*, 23(2), 20–24. <https://hdl.handle.net/10419/263839>

- Nordic Labour Journal. (2025, febrúar 20). *Iceland: Equality must be fought in every sector*. Nordic Labour Journal. Iceland: Equality must be fought in every sector — Nordic Labour Journal
- OECD. (2016). *OECD/INFE International Survey of Adult Financial Literacy Competencies*. OECD Publishing. <https://doi.org/10.1787/28b3a9c1-en>
- Oskarsson, M.L. (2024). Gender Differences in Investment Behaviour. *Finansinspektionen*. <https://www.fi.se/contentassets/21a10d76e3f149aa95f62ecfeead9b60/fi-analysis-42-english.pdf>
- Óladóttir, Á.D., Christiansen, T.H., Gunnarsdóttir, S. og Kristjánsdóttir, E.S. (2024). Closing the gap TMT quotas, investment strategies, and succession policies for gender equality. Í Marques, J. (Ritsj.) *Encyclopedia of Diversity, Equity, Inclusion and Spirituality*. Springer. [https://doi.org/10.1007/978-3-031-32257-0\\_88-1](https://doi.org/10.1007/978-3-031-32257-0_88-1)
- Powell, M. og Ansic, D. (1997). Gender differences in risk behavior in financial decision-making: An experimental analysis. *Journal of Economic Psychology*, 18(6), 605–628. [https://doi.org/10.1016/S0167-4870\(97\)00026-3](https://doi.org/10.1016/S0167-4870(97)00026-3)
- Riley, W. B., og Chow, K. V. (1992). Asset Allocation and Individual Risk Aversion. *Financial Analysts Journal*, 48(6), 32–37. <https://doi.org/10.2469/faj.v48.n6.32>
- Rousseau, D. M. Sitkin, S. B., Burt, R. S. og Camerer, C. (1998). Not So Different After All: A Cross-Discipline View of Trust. *Academy of Management Review*, 23(3), 393–404. <https://doi.org/10.5465/amr.1998.926617>
- Sapientza, P., Zingales, L. og Maestripieri, D. (2009) Gender differences in financial risk aversion and career choices are affected by testosterone. *Proc. Natl. Acad. Sci. U.S.A.* 106(36) 15268–15273. <https://doi.org/10.1073/pnas.0907352106>
- Seðlabanki Íslands. (2024a). *Umsvif lífeyrissjóða á fjármálamarkaði og æskilegar umbætur á löggjöf um lífeyrissjóði*. Sérrit - umræðuskýrsla nr. 18. [https://www.sedlabanki.is/library/Skraarsafn/Serrit/Serrit\\_nr18\\_lifeyris-sjodir\\_221024.pdf](https://www.sedlabanki.is/library/Skraarsafn/Serrit/Serrit_nr18_lifeyris-sjodir_221024.pdf)
- Seðlabanki Íslands. (2024b). *Samantekt úr ársreikningum lífeyrissjóða 2023*. <https://www.fme.is/utgefid-efni/tolulegar-upplýsingar/lifeyrismarkadur/>
- Seðlabanki Íslands. (2025). *Lífeyrissjóðir*. <https://www.sedlabanki.is/hagtolur/nanar/2025/03/06/Lifeyris-sjodir/?stdID=11>
- SFF. (2024). *Upptaka: Ráðstefna um fjármálavit ungs fólks*. SFF. <https://www.sff.is/vidburdir/upptaka-radstefna-um-fjarmalavit-ungs-folks>
- Smucker, M. og Atherton, A. (2024). *Gender Lens Investing Q1 2024: A Review of Sustainable and Equality-Focused Investing*. Parallel Finance. <https://parallelefinance.com/gender-lens-investing-review/>
- Snædís Ögn Flosadóttir. (15. apríl 2025). Konur fjárfestum, kynning á stofnfundi Rannsóknaseturs um jafnrétti í efnahags- og atvinnulífi.
- Strough, J., Bruine de Bruin, W. og Parker, A. M. (2019). Taking the biggest first: Age differences in preferences for monetary and hedonic sequences. *The Journals of Gerontology: Series B*, 74(6), 964–974. <https://doi.org/10.1093/geronb/gbx160>
- Svend E. Hougaard Jensen, Sigurður P. Ólafsson, Arnaldur Stefánsson, Þorsteinn S. Sveinsson og Gylfi Zoega. (2023). *Does Mandatory Saving Crowd out Voluntary Saving? Evidence from a Pension Reform*. Working Paper Series no. 92. Seðlabanki Íslands. [https://cb.is/library/news-and-publications/publications/working-papers/Working%20Paper\\_no\\_92.pdf](https://cb.is/library/news-and-publications/publications/working-papers/Working%20Paper_no_92.pdf)
- Thorarinsdóttir, F.T., Óladóttir, Á.D., Darmstadt, G.D. og Benediktsdóttir, S. (2024). Gender Lens Investing: A Scoping Review from Theoretical Foundations to Public Equity Applications. *Sustainability*, 16(20), 8916. <https://doi.org/10.3390/su16208916>
- Torma, J., Barbic, J. og Ivanov, M. (2023). Analyzing the effects of financial education on financial literacy and financial behavior. *South East European Journal of Economics and Business*, 18(2), 63–86. <https://doi.org/10.2478/jeb-2023-0019>
- World Bank. (2025). *State of social protection report 2025: The 2-billion-person challenge*. <https://openknowledge.worldbank.org/server/api/core/bitstreams/3a191516-270b-40c9-acdf-79e3f382c708/content>
- World Bank. (2024). *Women, business and the law*. World Bank Group. <https://openknowledge.worldbank.org/bitstreams/9bc44005-2490-41f8-b975-af35cbae8b9a/download>
- World Bank. (2005). *Old-age income support in the 21st century: An international perspective on pension systems and reform*. <https://documents1.worldbank.org/curated/en/466041468141262651/pdf/32672.pdf>
- WEF. (2024). *Global Gender Gap 2024*. World Economic Forum. [https://www3.weforum.org/docs/WEF\\_GGGR\\_2024.pdf](https://www3.weforum.org/docs/WEF_GGGR_2024.pdf)